

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 71/2014

2014/EES/64/39

frá 27. janúar 2014

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

sem gefin voru út fyrir gildistöku og beitingu þessarar reglugerðar.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

6) Flugöryggisstofnunin samdi drög að framkvæmdarreglum um hugtakið „gögn um örugga starfrækslu“ og lagði þau fyrir framkvæmdarstjórnina sem álit <sup>(3)</sup>, í samræmi við 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB <sup>(1)</sup>, einkum 5. mgr. 8. gr. og 5. mgr. 10. gr.,

7) Því ber að breyta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 <sup>(4)</sup> til samræmis við það.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

1) Ákvæði 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 þar sem fjallað er um að lofthæfi voru rýmkuð til að fella þætti, sem varða mat á öruggri starfrækslu, inn í framkvæmdarreglurnar um tegundarvottun.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

2) Flugöryggisstofnun Evrópu (hérá eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að breyta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 <sup>(2)</sup> í því skyni að gera Flugöryggisstofnuninni kleift að samþykkja gögn um örugga starfrækslu sem hluta af ferlinu við tegundarvottun.

1) Eftirfarandi komi í stað 9. gr.:

„9. gr.

#### Listar yfir lágmarksbúnað

Listar yfir lágmarksbúnað, sem eru samþykktir í ríki flugrekanda eða skráningarríki áður en þessari reglugerð er beitt, teljast samþykktir í samræmi við þessa reglugerð og er flugrekanda heimilt að nota þá áfram.

3) Gögnin um örugga starfrækslu ættu að innihalda skyldubundna þætti fyrir grunnlista yfir lágmarksbúnað (MMEL), fyrir þjálfun flugliða og öryggis- og þjónustuliða, sem flugrekendur nota til að skapa grunn að listanum yfir lágmarksbúnað (MEL) og að þjálfunarnámskeiðum fyrir flugáhöfn.

Eftir gildistöku þessarar reglugerðar skulu allar breytingar á listanum yfir lágmarksbúnað, sem um getur í fyrstu undirgrein, þar sem grunnlisti yfir lágmarksbúnað er ákvarðaður sem hluti af gögnum um örugga starfrækslu í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 (\*), gerðar í samræmi við ORO.MLR.105 í 2. þætti III. viðauka við þessa reglugerð, eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 18. desember 2017 eða tveimur árum eftir samþykki gagna um örugga starfrækslu, hvort sem síðar verður.

4) Í kröfum um að settur verði saman listi yfir lágmarksbúnað og að komið verði á fót þjálfun fyrir flugliða og öryggis- og þjónustuliða er vísað til gagna um örugga starfrækslu en ef gögnin um örugga starfrækslu eru ekki tiltæk ætti að vera til staðar almennt ákvæði auk umbreytingarráðstafana.

5) Flugliðnaðinum og stjórnsýslustofnunum aðildarríkja skal veittur nægilegur tími til að aðlagast nýja reglurammanum og til að viðurkenna, við tiltekin skilyrði, gildi skirteina

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 23, 28.1.2014, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 193/2014 frá 25. september 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Álit Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 07/2011 frá 13. desember 2011, aðgengilegt á: <http://easa.europa.eu/agency-measures/opinions.php>

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1.

Allar breytingar á lista yfir lágmarksbúnað, sem um getur í fyrstu undirgrein, þar sem grunnlisti yfir lágmarksbúnað hefur ekki verið ákvarðaður sem hluti af gögnum um örugga starfrækslu, skulu áfram gerðar í samræmi við þann grunnlista yfir lágmarksbúnað sem ríki flugrekanda eða skráningarríki hefur samþykkt, eftir því sem við á.“

(\*) Stjtið. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1.

2) Eftirfarandi ný 9. gr. a bætist við:

„9. gr. a

**Þjálfun flugliða og öryggis- og þjónustuliða**

Flugrekendur skulu sjá til þess að flugliðar og öryggis- og þjónustuliðar, sem eru þegar starfandi og hafa lokið þjálfun

í samræmi við FC- og CC-kafla í III. viðauka, þar sem ekki er að finna þá skyldubundnu þætti sem ákvarðaðir eru í viðeigandi gögnum um örugga starfrækslu, fái þjálfun sem tekur til þessara skyldubundnu þátta, eigi síðar en 18. desember 2017 eða tveimur árum eftir samþykki gagna um örugga starfrækslu, hvort sem síðar verður.“

3) Ákvæðum III. viðauka (ORO-HLUTA) er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

4) Ákvæðum V. viðauka (SPA-HLUTA) er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. janúar 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

## I. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka (ORO-HLUTA) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

1) Í stað b-liðar í ORO.GEN.160 komi eftirfarandi:

„b) Með fyrirvara um a-lið skal flugrekandi tilkynna lögbæra yfirvaldinu og fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á hönnun loftfarsins, um öll flugatvik, bilanir, tæknibilanir, frávik út fyrir tæknileg mörk og atvik sem myndu undirstrika ónákvæmar, ófullnægjandi eða tvíræðar upplýsingar, sem er að finna í gögnum um örugga starfrækslu, sem eru ákvörðuð í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, eða aðrar óvenjulegar aðstæður sem hafa eða kunna að hafa stofnað öruggri starfrækslu loftfars í hættu en hafa ekki haft í för með sér slys eða alvarlegt flugatvik.“

2) Lið ORO.MLR.105 er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) Eins og tilgreint er í lið 8.a.3 í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 skal listi yfir lágmarksbúnað settur saman og skal hann byggjast á viðeigandi grunnlista yfir lágmarksbúnað, eins og skilgreint er í skyldubundna hluta gagnanna um örugga starfrækslu, sem eru ákvörðuð í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.“

b) Í stað 1. liðar j-liðar komi eftirfarandi:

„1) að hlutaðeigandi mælitæki, búnaður eða virkni sé innan gildissviðs grunnlistans yfir lágmarksbúnað, eins og skilgreint er í a-lið,“

3) Í stað a-liðar í ORO.FC.140 komi eftirfarandi:

„a) Flugliðar, sem starfa á fleiri en einni tegund eða afbrigði loftfars, skulu uppfylla kröfur, sem mælt er fyrir um í þessum kafla fyrir hverja tegund eða afbrigði, nema þjálfun, próf og kröfur um nýlega reynslu séu talin flugliðum til tekna, eins og skilgreint er í skyldubundna hluta gagnanna um örugga starfrækslu, sem eru ákvörðuð í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 fyrir viðeigandi tegundir eða afbrigði.“

4) Í stað b-liðar í ORO.FC.145 komi eftirfarandi:

„b) Þegar flugrekandi útbýr þjálfunarátlanir og námskrár skal hann taka með viðeigandi þætti, eins og skilgreint er í skyldubundna hluta gagnanna um örugga starfrækslu sem eru ákvörðuð í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.“

5) Í stað e-liðar í ORO.FC.220 komi eftirfarandi:

„e) Hvað varðar flugvélar skulu flugmenn, sem hafa fengið tegundaráritun útgefna á grundvelli námskeiðs sem fer eingöngu fram í flughermi (ZFTT):

- 1) hefja leiðarflug undir umsjón eigi síðar en 21 degi eftir að færniprófi er lokið eða eftir að hafa hlotið viðeigandi þjálfun hjá flugrekanda; efni slíkrar þjálfunar skal lýst í rekstrarhandbókinni,
- 2) ljúka sex flugtökum og landingum í flughermisþjálfna eigi síðar en 21 degi eftir að hafa lokið færniprófi, undir umsjón tegundarkennara fyrir flugvélar (TRI(A)) sem situr í hinu flugmannssætinu; fækka má flugtökum og landingum ef reynsla flugmanns er talin honum til tekna, eins og skilgreint er í skyldubundna hluta gagnanna um örugga starfrækslu sem ákvörðuð eru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012; hafi þessi flugtök og landingar ekki verið framkvæmd innan 21 dags skal flugrekandi sjá fyrir upprifjunarþjálfun og skal efni þjálfunarinnar lýst í rekstrarhandbókinni,

- 3) framkvæma fyrstu fjögur flugtökun og landingarnar í flugvél í leiðarflugi undir umsjón tegundarkennara fyrir flugvél sem situr í hinu flugmannssætinu; fækka má flugtökum og landingum ef reynsla flugmanns er talin honum til tekna, eins og skilgreint er í skyldubundna hluta gagnanna um örugga starfrækslu sem ákvörðuð eru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.“
- 6) Í stað b-liðar í ORO.CC.125 komi eftirfarandi:
- „b) Þegar flugrekandi útbýr áætlanir og námskrár fyrir þjálfun á tiltekna tegund loftfars og umskiptaþjálfun á vegum flugrekanda skal hann, ef við á, tilgreina viðeigandi þætti, eins og skilgreint er í skyldubundna hluta gagnanna um örugga starfrækslu sem ákvörðuð eru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.“
- 7) Í stað c-liðar í ORO.CC.130 komi eftirfarandi:
- „c) Þegar flugrekandi útbýr áætlun og námskrá fyrir mismunarþjálfun á afbrigði af loftfarstegund, sem starfrækt er, skal hann, ef við á, tilgreina viðeigandi þætti eins og skilgreint er í skyldubundna hluta gagnanna um örugga starfrækslu sem ákvörðuð eru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.“
- 8) Í stað 1. liðar b-liðar í ORO.CC.250 komi eftirfarandi:
- „1) Hvert loftfar sem tegund eða afbrigði, að teknu tilliti til viðeigandi þátta, ef þeir liggja fyrir, sem skilgreindir eru í skyldubundna hluta gagnanna um örugga starfrækslu sem ákvörðuð eru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 fyrir viðeigandi tegund eða afbrigði loftfars og“.

---

## II. VIÐAUKI

Ákvæðum V. viðauka (SPA-HLUTA) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 2. liðar b-liðar í SPA.GEN.105 komi eftirfarandi:
- „2) að tekið sé tillit til viðeigandi þátta, sem skilgreindir eru í skyldubundna hluta gagnanna um örugga starfrækslu, sem ákvörðuð eru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.“
- 2) Í stað SPA.GEN.120 komi eftirfarandi:
- „SPA.GEN.120 Áframhaldandi gildi sérstaks samþykkis**
- Sérstök samþykki skulu gefin út með ótakmarkaðan gildistíma og skulu halda gildi sínu svo framarlega sem flugrekandinn uppfyllir áfram kröfur sem tengjast sérstaka samþykkinu og að teknu tilliti til viðeigandi þátta, sem skilgreindir eru í skyldubundna hluta gagnanna um örugga starfrækslu, sem ákvörðuð eru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.“